

Afgreiðslufundur

Ár 2021 fimmtudaginn 9. desember, kl. 13:30 var haldinn 1588. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Fundinn sátu Árný Sigurðardóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson og Snædís K. Bergmann. Rósa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lagt fram starfsleyfi Ístaks hf., kt. 430214-1520, fyrir malarnám á Ytri-Tindstöðum, útgefið 12. október 2021. Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa dags, 16. nóvember þar sem fram kemur að framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi sé afturkallað þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir efnistöku líkt og kveðið er á um í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Samþykkt að leggja málið fyrir næsta fund umhverfis- og heilbrigðisráðs, sem ráðgerður er 15. desember n.k. með tillögu um að starfsleyfið verði fellt úr gildi. Ákvörðun um veitingu starfsleyfis var haldin slíkum annmörkum að hún er ógildanleg vegna þess að ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um að öll starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir sé í samræmi við skipulag er ekki uppfyllt.

Fundi slitið 13:45



Rósa Magnúsdóttir

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Árný Sigurðardóttir



Ístak hf.
b.t. Elfu Bjarkar
Bugðufljóti 19
270 Mosfellsbæ

Reykjavík 16. nóvember 2021

Efni: Afturköllun framkvæmdaleyfis vegna efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi

Þann 9. nóvember sl. barst umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur kæra frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð var ákvörðun skipulagsfulltrúa að veita Ístak hf. framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi. Við yfirferð á málinu kom í ljós að ekki var unnið deiliskipulag fyrir efnistöku líkt og kveðið er á um í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfisins er því haldin slíkum annmarka að hún er ógildanleg.

Það tilkynnist því hér með að framkvæmdaleyfi, dags. 29. september 2021, vegna efnistöku í Ytri-Tindstaðanámu á Kjalarnesi vegna uppbyggingar Vesturlandsvegar er afturkallað sbr. 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Afturköllunin tekur gildi þegar í stað. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála verður tilkynnt um ákvörðun þessa.

f.h. skipulagsfulltrúa

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, lögmaður

Afrit sent á:
Vegagerðina



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir efnistöku á landi Ytri-Tindstaða, landnr. 125759.

Nafn leyfishafa: Ístak hf.

Heimilisfang: Bugðuflljóti 19

Póstnúmer: 270

Kennitala: 430214-1520

Útgáfudagur leyfis: 12. október 2021

Gildir: Frá 12. október 2021
til 31. maí 2024

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir efnistöku og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. október 2021



Sigur Faseldur